

## Skólaráð Naustaskóla

10. fundur ársins 2010 þann 10. desember kl. 8:10

### Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Björk Guðmundsdóttir, Sara Stefánsdóttir, Vaka Óttarsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Heimir Örn Árnason, Lilja Þorkelsdóttir, Gyða Björk Aradóttir.

Fulltrúar nemenda: Hrannar Þór Rósarsson, Tumi Hrafn Kúld.

### Dagskrá og afgreiðslur:

- 1. Byggingamál.** Vinna við lokafrágang á hönnun og útboðsgögnum er að ljúka, styttest í að uppsteypa á 2. áfanga skólahússins verði boðin út. Framkvæmdir hefjast væntanlega þegar líður á vorönnina.
- 2. Verkefnastaða með tilliti til starfsáætlunar.** Farið yfir verkefnalista í starfsáætlun vetrarins þar sem einstökum verkefnum var raðað á mánuði. Áætlunin hefur haldið hvað varðar meirihluta þeirra atriða sem sett voru fram, þó hefur nokkruð atriðum seinkað eða áherslur hafa breyst. Sjálfsmatsnefnd hefur enn ekki verið stofnuð, til stendur að stjórnendur leggi drög að sjálfsmatsáætlun skólans nú seint í desember, sem verði síðan yfirfarin og mótuð nánar á nýja árinu. Fagstjórnarhópar í einstökum námsgreinum voru ekki stofnaðir en námskrárvinna/markmiðssetning hefur þess í stað farið fram í kennsluteymum. Vinna við umhverfisstefnu bíður vorannarinnar. Notkun á námsmatsmöppum er enn ekki hafin eins og stefnt var að, það atriði er í samhengi við vinnu við námsmarkmið. Vinnu við skólareglur er ekki lokið, ákveðið var að bíða eftir nýrri reglugerð um skólareglur sem er í vinnslu í ráðuneytinu.
- 3. Framundan á vorönninni.** Kemur að hluta til fram í liðnum hér að framan. Til að byrja með verður megináherslan á notkun námsmarkmiða til mats og áætlanagerðar. Þá stendur til að setja saman og birta fyrstu útgáfu "starfsmannahandbókar", vinna áfram að innleiðingu agastefnu o.fl.
- 4. Endurskoðun á stjórnkerfi grunn- og leikskóla.** Skólastjóri kynnti vinnu sem er í gangi á vegum skólanefndar og felst í að taka út stjórnskipulag skólanna í bænum og gera tillögur um breytingar ef hagkvæmt þykir faglega og fjárhagslega, t.d. hvað varðar sameiningar stofnana, verkaskiptingu o.fl. Stefnt er að því að tillögur liggi fyrir í lok janúar og verða þær þá kynntar.
- 5. Hlutverk skólaráðs – starfsreglur.** Rætt hvort þörf sé á að skilgreina hlutverk skólaráðs frekar en gert er í reglugerð, og/eða útvíkka hlutverk skólaráðs þannig að það taki t.d. við vinnu við mat á skólastarfinu o.fl. Umræða af þessu tagi á sér einnig stað í skólaráði Lundarskóla. Ákveðið að Ágúst, Bryndís, Vaka, Gyða, Sara og Heimir fundi

með fulltrúum úr skólaráði Lundarskóla 3. janúar nk. kl. 15:00 til að bera saman bækurnar um þessi mál og fleiri.

- 6. Mál frá fulltrúa foreldra.** Umræður m.a um réttindi nemenda, námsaðlögun, sveigjanleika o.fl. T.d. rædd sú spurning, sem hefur komið upp meðal foreldra, hvort að skipan samkennsluárganga þurfi að vera fastmótuð eins og hún er eða hvort megi vera meiri sveigjanleiki í henni. Einnig rætt um hvort viðurlög og viðbrögð við hegðun og agabrotum sé örugglega alltaf í samræmi við þá stefnu að forðast refsingar en leita frekar lausna með nemendum.

Næsti fundur skólaráðs er áætlaður föstudaginn 14. janúar 2011.

Fleira ekki tekið fyrir,  
Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð